

VERITAS

*Mannauðs- og jafnréttisstefna
Veritas og dótturfélaga*

Inngangur og tilgangur

Stefnan nær til Veritas og dótturfélaga, en saman er samstæðan bakhjarl íslensk heilbrigðiskerfis. Í stefnunni er sameiginlega vísað til félaganna sjö sem Veritas.

Markmið stefnunnar er að skapa framsækið og öflug starfsumhverfi sem stuðlar að árangri og gerir samstæðuna að eftirsóknarverðum vinnustað. Við leggjum áherslu á liðsheild, jafnrétti, mannréttindi, heiðarleg samskipti, virðingu og traust.

Stefna Veritas er að virða jafnrétti og mannréttindi í allri sinni starfsemi, líkt og kveður á um í Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Stefnan er unnin með hliðsjón af lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og lögum nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði.

Forstjóri Veritas ber ábyrgð á að stefnunni sé fylgt eftir. Framkvæmda- og deildarstjórar sjá um eftirlit innan sinna eininga með stuðning frá mannauðsstjórum.

Mannauðs- og jafnréttisstefnan er leiðarljós í störfum okkar.

Gildi, samskipti og samvinna

Gildin okkar hreinskiptni, framsækni og áreiðanleiki eru leiðarljós í daglegu starfi Við leggjum áherslu á jákvæð og heiðarleg samskipti, liðsheild, gagnkvæma virðingu og traust. Árangur okkar byggist á öflugri samvinnu og virðingu fyrir fjölbreyttum sjónarmiðum.

Velferð og starfsánægja

Við leggjum ríka áherslu á velferð og starfsánægju alls starfsfólks. Jákvætt starfsumhverfi, sveigjanleiki og jafnvægi milli vinnu og einkalífs eru í forgangi. Markmiðið er að starfsfólk upplifi virðingu og fái tækifæri til að vaxa og dafna í starfi. Lögð er áhersla á hreinskiptna og uppbyggilega endurgjöf sem stuðlar að persónulegri og faglegri þróun.

Fagmennska og hæfni starfsfólks

Við leggjum áherslu á fagmennsku og stöðuga hæfnipróun í öllum störfum. Starfsfólk er hvatt til sí- og endurmenntunar, deilir þekkingu og vinnur af ábyrgð og heilindum. Markmiðið er að allir hafi tækifæri til að vaxa í starfi og stuðla að árangri fyrirtækisins.

Jafnrétti, fjölbreytileiki og mannréttindi

Við virðum mannréttindi og tryggjum öllu starfsfólki jafna möguleika og þátttöku, óháð kyni, uppruna eða öðrum þáttum. Fjölbreytileika er fagnað og við vinnum markvisst gegn hvers kyns mismunun. Allt starfsfólk er metið að verðleikum og nýtur jafnra tækifæra. Sérstök áhersla er lögð á sanngirni í ráðningum og jafnréttissjónarmið eru leiðarljós. Við tryggjum jafnan aðgang að tækifærum til starfsþróunar og horfum til þess að ekki sé mismunað vegna kynferðis þegar ákvarðanir um framgang í starfi eru teknar. Starfsfólk er í hvívetna gert kleift að samræma vinnu og einkalíf. Fyllsta jafnréttis er gætt við ákvörðun launa og hlunninda og jöfn laun eru greidd fyrir jafn verðmæt störf. Virkt jafnlaunakerfi og jafnréttisáætlun Veritas, með skýrum markmiðum og aðgerðum tryggja réttindi starfsfólks í samræmi við gildandi löggjöf um jafnrétti hverju sinni .

Einelti, áreitni og ofbeldi

Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundið áreiti og annað ofbeldi er ekki liðið. Veritas hefur skýra viðbragðsáætlun fyrir greiningu og úrvinnslu slíkra mála

Mannréttindi, barnaþrælkun og nauðungarvinna

Veritas virðir Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en þar segir að allir eigi jafnt tilkall til mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, skoðana, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, aldurs, fötlunar, líkamsgerðar eða annarrar stöðu. Fyrirtækið gerir sömu kröfur til hagsmunaaðila. Verði birgi eða samstarfsaðili uppvís að hvers kyns mannréttindabrotum, áskilur félagið sér þann rétt að slíta viðkomandi viðskiptasambandi.

Mælikvarðar og eftirfylgni

Félagið skilgreinir lykilmælikvarða tengt stefnunni sem eru metnir með reglulegum hætti eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Mælikvarðarnir tryggja framgang stefnunnar.

Lykilmælikvarðar;

- Starfsánægja
- Kynjahlutföll
- Starfsmannavelta

Kynning og endurskoðun

Stefnan er kynnt öllu starfsfólki Veritas og er hún öllum aðgengileg. Framfylgd og viðhald stefnunnar er tryggð með markvissum aðgerðum og reglulegri endurskoðun. Forstjóri Veritas samstæðunnar ber ábyrgð á að stefnunni sé framfylgt. Stefnan er endurskoðuð að lágmarki á þriggja ára fresti.

Samþykkt af stjórn Veritas **þann 17.12.2025**